

ORIGO HF: Aðalfundur 21. mars 2023 – Tillögur AU 22 ehf. til aðalfundar – Skráning og fyrirkomulag fundar

Aðalfundur Origo hf. verður haldinn fimmtudaginn 21. mars 2023 kl. 14:00 í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37, Reykjavík.

Meðfylgjandi tillögur frá AU 22 ehf. til aðalfundar hafa borist félagsstjórn Origo hf. Tillögurnar verða teknar fyrir á aðalfundinum undir dagskrárlið 8 (tillögur frá hluthöfum sem ber að taka á dagskrá).

Fyrirkomulag aðalfundar

Líkt og getið var um í aðalfundarboði þann 28. febrúar 2023 verður aðalfundur Origo hf. haldinn í ráðstefnusal félagsins að Borgartúni 37, Reykjavík, fimmtudaginn 21. mars 2023 kl. 14:00. Skráning hluthafa og umboðsmanna fer fram á heimasíðu félagsins á vefslóðinni <https://www.origo.is/fjarfestar/hluthafafundir> þar sem einnig er að finna leiðbeiningar um skráningu. Rafræn skráning lokar kl. 14:00 þann 20. mars 2023.

Atkvæðagreiðsla á aðalfundinum mun fara fram rafrænt í gegnum stafræna kosningakerfið Lumi AGM (<https://www.lumiglobal.com/>). Nánari upplýsingar um rafræna atkvæðagreiðslu er að finna í leiðbeiningum sem aðgengilegar eru á vefsíðu félagsins <https://www.origo.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Þeir hluthafar sem vilja leggja fram skriflegar spurningar og/eða greinargerð varðandi dagskrá og framlögð skjöl sem þeir óska svara við á fundinum er bent á að senda spurningar og/eða greinargerðir á netfangið stjorn@origo.is áður en fundur hefst. Hluthafar sem ekki eiga kost á að sækja fundinn geta veitt öðrum skriflegt umboð. Umboðseyðublað og leiðbeiningar er að finna á vefsíðu félagsins <https://www.origo.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Allar nánari upplýsingar varðandi aðalfundinn er að finna á vefsíðu félagsins <https://www.origo.is/fjarfestar/hluthafafundir>.

Viðhengi

[ORIGO HF: Aðalfundur 21. mars 2023 – Tillögur AU 22 ehf. til aðalfundar – Skráning og fyrirkomulag fundar](#)
[Origo Hf Tillögur AU 22 Til Breytinga Á Samþykktum](#)
[Origo Hf Tillaga AU 22 Um Afskráningu](#)